

AUGLÝSING

um staðfestingu aðalskipulags fyrir Kirkjubæjarklaustur 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 209

21. maí 1990

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Borg í Grímsnesi og Sogsfossa 1989–2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrætti af aðalskipulagi fyrir Borg í Grímsnesi og Sogsfossa 1989–2009.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Grímsneshrepps hefur samþykkt þá og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt þá til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 210

22. maí 1990

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. júní 1990 að telja um 1,5% frá því sem þær voru í maí 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.